

## **Fimm meginstoðir byggðaáætlunar:**

Traust og fjölbreytt atvinnulíf

Öflug byggðarlög

Aukin þekking og hæfni

Bættar samgöngur

Áhersla á sjálfbæra þróun

próun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar





Markmið byggðastefnu á Íslandi er að jafna og bæta lífskjör og skapa öllum landsmönnum hagstæð búsetuskilyrði. Til þess að tryggja búsetu á landsbyggðinni þarf að stuðla að traustu og fjölbreyttu atvinnulífi sem býður sérhæfðu og menntuðu fólki tækifæri. Við framkvæmd byggðaáætlunar hefur iðnaðarráðuneytið lagt áherslu á **þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar**

- og staðið, í samvinnu við önnur ráðuneyti og fjöldamarga aðila víðs vegar um landið, að framsæknum verkefnum í þessum anda. Hér eru nokkur þeirra kynnt.

# Impra Nýsköpunarmiðstöð

hefur tekið til starfa á Akureyri.

Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að auka og efla nýsköpun og frumkvöðlastarf um land allt.

Hún er framvörður í nýrri atvinnusókn á landsbyggðinni, þar sem megináhersla er lögð á aukna þekkingu og hæfni.

Nýsköpunarmiðstöðin veitir víðtæka fræðslu um frumkvöðlastarfsemi, stofnun og rekstur fyrirtækja, innleiðingu nýjunga í rekstri og nýsköpun. Verkefni miðstöðvarinnar greinast í þrjú meginvið:

Stuðning við frumkvöðla, stuðningsverkefni fyrir fyrirtæki og þjónustu við atvinnuþróunarfélög, sem ætlað er að styrkja atvinnulíf og byggð á starfssvæðum sínum.



## Meðal verkefna:


Nýsköpunarmiðstöðin rekur átaksverkefni um eflingu **nýsköpunar** í starfandi fyrirtækjum.

Fyrirtækjum á landsbyggðinni eru veittir styrkir til nýsköpunar og markaðssóknar og einstaklingsbundin aðstoð við uppbyggingu og útfærslu aðgerða sem geta skilað bættum rekstrarárangri.

Nýsköpunarmiðstöðin tekur þátt í verkefni um

## vörubröun.

Verkefnið felur í sér að fyrirtækjum á landsbyggðinni er veitt fagleg og fjárhagsleg aðstoð við að þróa samkeppnishæfa vöru á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Skilyrði er að um sé að ræða nýjung sem er ekki í beinni samkeppni við sambærilega innlenda afurð.



*„Markmið Impru er að þróa þjónustu sem byggir á og byggir upp þekkingu og þróar lausnir sem stuðla að nýsköpun. Þessar lausnir þurfa að taka mið af aðstæðum og ólíkum þörfum einstaklinga og fyrirtækja.“*

Berglind Hallgrímsdóttir,  
framkvæmdastjóri

# Frumkvöðlasetur

hefur verið sett á laggirnar

## á Höfn í Hornafirði.

Starfsemin er til húsa í Nýheimum, sem er miðstöð menntunar, rannsókna, frumkvöðla- og menningarstarfsemi á Hornafirði. Þar eru undir sama þaki Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, almenningsbókasafn og háskólasetur, auk frumkvöðlasetursins.

Frumkvöðlasetrið hefur samstarf við Impru Nýsköpunarmiðstöð, Atvinnuþróunarfélag Austurlands auk fjölda annarra aðila, svo sem atvinnurekendur sem miðla af reynslu sinni og þekkingu til frumkvöðla sem hafa aðstöðu á setrinu.

*„Frumkvöðlasetrið mun stuðla að auknum lífsgæðum og gefa lífinu ríkara innihald með því að sameina krafta rannsókna, menntunar og atvinnulífs.“*

Ari Þ. Þorsteinsson  
framkvæmdastjóri.



Sóknarfæri landsbyggðarinnar liggja m.a. á sviði menningartengdrar ferðapjónustu, en hún endurspeglar sérkenni og arfleifð Íslands og er vel til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu landsins á alþjóðlegum ferðapjónustumarkaði. Íslendingar taka nú þátt í verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem snýst um

## eflingu menningar- tengdrar ferðapjónustu

og gengur út á uppbyggingu ferðapjónustu á grunni víkingasagna. Íslensku verkefni eru fjölbreytt og dreifð víða um landið, þau tengjast Gísla sögu Súrssonar, Egilssögu, Grettissögu, Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal, Leifi heppna og víkingaskipinu Íslendingi. Verkefnið um Gísla sögu Súrssonar er einnig eitt sex verkefna sem njóta styrkja á grundvelli sérstaks samkomulags um eflingu ferðapjónustu á landsbyggðinni.

*„Væntingar okkar eru að geta nýtt Gísla sögu Súrssonar til að þróa verkefni sem treysta og efla samstarf heimamanna á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum samtímis sem unnið er að nýjungum í afþreyingu og sköpun áhugaverðs umhverfis, sem sækja má í fræðslu og þekkingu.“*

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri  
Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða


Íslendingar hafa gerst aðilar að Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Norðurhérað Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands, ásamt Færeyjum og Grænlandi eiga einnig aðild að áætluninni sem er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurslóða. Íslenskir aðilar eru nú þátttakendur í sjö fjölbreyttum verkefnum sem njóta styrkja áætlunarinnar, meðal annars verkefni sem ætlað er að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum, verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli og verkefni um símenntun og fjarkennslu.



Próun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun í framtíðinni m.a. velta á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum þar tekst að **tileinka og hagnýta sér margþætta möguleika upplýsinga- og fjarskiptatækni**. Styrkari staða landsbyggðarinnar að þessu leyti er um leið til þess fallin að efla samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs í alþjóðlegu tilliti. Efnit var til samkeppni um verkefnið

## „Rafrænt samfélag“

Í þeim tilgangi að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni og hefur tveimur framsæknum byggðarlögum nú verið falið að innleiða áætlanir sínar um rafrænt samfélag á næstu þremur árum. Öðrum byggðarlögum er svo ætlað að hagnýta sér þá reynslu og þekkingu sem skapast við framkvæmd verkefnisins.



**Með rafrænu samfélagi er átt við samfélag sem hefur byggt upp innviði fyrir miðlun rafrænna upplýsinga, innleitt notkun þeirra og komið á upplýsingaveitum til að þjóna sem best víðtækum þörfum almennings og atvinnulífs. Rafrænt samfélag hefur skýra framtíðarsýn um notkun og miðlun upplýsinga á nýjan og hagkvæman hátt, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum til hagsældar.**



Árborg, Hveragerðisbær og Ölfus standa saman að verkefninu

## Sunnan3

- Þekkingarsamfélag á réttum stað.

Upplýsingatækni verður beitt á nýstárlegan hátt við að hagræða og auka samvinnu sveitarfélaganna, efla þjónustu og atvinnulíf og styrkja samkennd meðal barna og ungmenna á svæðinu.



*„Útgangspunktur verkefnisins er að byggðarlagið standi ekki í skugga höfuðborgarsvæðisins, heldur nýti sér þau sóknarfæri sem felast í að búa í námunda við það. Við bindum vonir við að styrkja enn frekar búsetu á svæðinu fyrir austan fjall.“*

Orri Hlöðversson, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ

## Virkjum alla!

er yfirskrift verkefnis Aðaldælahrepps, Húsavíkurbæjar og Þingeyjarsveitar. Verkefnið snýst einkum um uppbyggingu rafrænna þjónustutorga og þróun rafrænna viðskipta. Slagorð verkefnisins er:

**Njóta - vilja - nýta - skilja.**


*„Torg hafa löngum verið miðstöðvar mannlífs. Markmið okkar er að hagnýta upplýsingatæknina til þess að byggja upp öfluga miðstöð fyrir mannlíf í þessu víðfeðma byggðarlagi.“*

Reinhard Reynisson, bæjarstjóri í Húsavíkurbæ

Menntun er undirstaða atvinnuþróunar og félagslegra framfara.

Hrint hefur verið af stað **átaki til uppbyggingar menntunar og menningar á öllum skólastigum á landsbygðinni.**


Lögð er áhersla á tengsl menntunar og menningar við atvinnulífið, notkun upplýsingatækni til að auka námsframboð og eflingu símenntunarmiðstöðva.



Í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi hefur verið ýtt úr vör


**tilraunaverkefni um dreifmenntun í grunnskólum.**

Grunnskólar sveitarfélaganna eru fámennir, skólahald dreift og erfitt hefur reynst að samnýta krafta skólastarfsins. Markmið verkefnisins er að kanna möguleika og kosti dreifmenntunar í þeim tilgangi að auka gæði og framboð náms í grunnskólum í dreifbýli, draga úr kostnaði - og styrkja stöðu byggðanna.



Undirbúningur er hafinn að stofnun  
**Fjölbrautaskóla Snæfellinga**



í Grundarfirði. Skólinn á að verða  
leiðandi í notkun upplýsingatækni og  
nýta sér m.a. kosti dreifmenntunar.



*„Tilvist framhaldsskóla hefur áhrif á búsetu á Snæfellsnesinu og styrkir bæði atvinnulíf og mannlíf. Fyrirkomulag skólans gerir honum jafnframt kleift að bjóða upp á fjölbreyttara nám en skóli af þessari stærð gæti að öðrum kosti boðið upp á.“*

Hrönn Pétursdóttir,  
verkefnisstjóri

**Með dreifmenntun er aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu beitt saman. Þannig er stuðlað að því að jafna möguleika nemenda til náms og nýta betur sérþekkingu kennara óháð búsetu.**



Í byggðaáætlun er mikilvægi sjálfbærrar þróunar dregið fram og lögð áhersla á að opinberar aðgerðir, sem ætlað er að efla atvinnulíf og treysta byggð í landinu, stuðli jafnframt að sjálfbærri þróun samfélagsins. Þannig er miðað að því að samþætta efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg markmið í þeim tilgangi að **tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði**. Í gangi er þróunarverkefni um

## sjálfbært samfélag í Hrísey,

sem er ætlað að verða öðrum litlum byggðarlögum fyrirmynd um hvernig þau geti best stuðlað að eflingu sjálfbærrar þróunar.

*„Hrísey hefur allt að bjóða til að verða sjálfbært samfélag. Íbúar binda miklar vonir við þetta verkefni sem felst helst í því að nýta heitt vatn úr jörðu til framleiðslu á rafmagni, ræktunar á vístvænu grænmeti, eldi á fiski og skel og til eflingar ferðaþjónustu.“*

Ragnar Jörundsson, sveitarstjóri

Þess má vænta að hinir hefðbundnu atvinnuvegir; sjávarútvegur og landbúnaður, geti notið verulegs ávinnings af nýrri vísindalegri þekkingu í líftækni og tengdum fræðasviðum. Sjá má fyrir sér fyrirtæki í sjávarlíftækni sem hagnýta erfðaefni úr lífríki sjávarins í framleiðslu sinni og líklegt er að bændur geti í náinni framtíð framleitt korntegundir eða aðrar nytjajurtir sem innihalda erfðabreytt iðnaðarprótín, sem megi t.d. nota í lyfjaframleiðslu, iðnaði og landbúnaði.

Leitað hefur verið leiða til að **efla rannsóknarstarf, m.a. til að styrkja stoðir hefðbundnu atvinnugreinanna.**

Verið er að kanna möguleika á uppbyggingu

### **öndvegissæturs í auðlindalíftækni**

í tengslum við Háskólann á Akureyri. Hugmyndin er að þar verði byggð upp öflug rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi á sviði auðlindalíftækni, sem myndi auðvelda Íslendingum þátttöku í alþjóðlegu samstarfi háskóla og rannsóknastofnana á þessu sviði og færa nýja þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf.

**Með öndvegissetri er átt við starfsemi þar sem framúrskarandi vísindaleg þekking og kröftugt rannsóknaumhverfi láta verulega að sér kveða við eflingu vísindalegra framfara og nýsköpun atvinnulífsins.**



Iðnaðarráðuneyti á náið samstarf við önnur ráðuneyti um framkvæmd byggðaáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2002-2005. Auk iðnaðarráðuneytis eiga eftirtalin ráðuneyti sæti í verkefnisstjórn um framvindu byggðaáætlunarinnar eða bera ábyrgð á framkvæmd tiltekinna þátta hennar:

Félagsmálaráðuneyti

Fjármálaráðuneyti

Forsætisráðuneyti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Landbúnaðarráðuneyti

Menntamálaráðuneyti

Samgönguráðuneyti

Sjávarútvegsráðuneyti

Umhverfissráðuneyti

Nánari upplýsingar:

[byggdastofnun.is](http://byggdastofnun.is)

[idnadarraduneyti.is](http://idnadarraduneyti.is)

[impra.is](http://impra.is)

Útlit og umbrot: HADAYAdesign

Prentun: Prentmet



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti